


**Staðsetning:** Sumarhúsabyggðin er í landi Klausturhóla, við Búrfellsveg milli Biskupstungnabrautar og fjárhúsa gegnt gjallnámunni í Seyðishólum, Grímsneshreppi (sjá yfirlitsuppdrátt).
**Svæðaskipulag:** Gert er ráð fyrir sumarhúsalóðum á þessu svæði í svæðaskipulagi.
**Landlýsing:** Landið er gamalt hraun og nokkuð flatlent mólendi, en lítilsháttar trjárækt er í tengslum við nokkra sumarbústaði sem þegar hafa verið byggðir á svæðinu. Lóðirnar eru í um 80 m hæð yfir sjávarmáli.
**Útivistarsvæði:** Gönguleiðatengingar verða innan svæðisins og við nærliggjandi sumarhúsahverfi. Sameiginlegur leikvöllur verður á lóð nr. 2C. Lóðahafi ber kostnað af stígagerð og sameiginlegum leikvelli.
**Fjöldi lóða og stærð:** Alls er gert ráð fyrir um 46 lóðum á svæðinu að stærðinni frá 5000 fm til 11800 fm og hafa nú þegar verið 14 byggðar.
**Aðkoma:** Þrír afleggjarar eru út frá Búrfellsvegi. Viðhald vegarins er í höndum landeigenda.
**Gróður:** Gert er ráð fyrir skjólbeltum meðfram girðingum við Búrfellsveg sem draga úr hljóðmengun. Trjálundir verða gróðursettir á lóðunum til skjóls og prýðis.
**Húsnúmer:** Þau eru sýnd á uppdrætti.
**Kalt vatn:** Vatn er tekið úr landi Hallkellshóla. Leiðslur verða lagðar meðfram vegum. Mun vatnsveita vera á kostnað eigenda.
**Brunavarnir:** Þær eru frá Selfossi. Brunahani verður staðsettur miðsvæðis í sumarhúsahverfinu.
**Bílastæði:** Þrjú bílastæði fylgja hverri lóð og eru þau sýnd á uppdrætti. Lóðaeigendur munu kosta gerð þeirra.
**Girðingar:** Lóðirnar eru girtar af með heildargirðingu og gerðar fjárheltar. Óheimilt er að girða hverja lóð fyrir sig. Girðing og viðhald hennar er á kostnað landeigenda.
**Rotþrær:** Rotþró verður við hvern bústað, þó aldrei minna en 10 m innan lóðamarka. Stærð og staðsetning rotþróa er háð samþykki heilbrigðisfulltrúa Suðurlands. Leigutaki kostar gerð rotþróa.
**Sorp:** Nokkrir gámar eru í nágrenninu t.d. á Minni-Borg og við Seyðishóla þar sem sumarhúsagestir geta losað sig við sorp. Grímsneshreppur annast tæmingu þeirra reglulega.
**Rafmagn og sími:** Lóðahafar kosta tengingu raflagna og síma.
**Byggingarefni:** Sumarbústaðirnir skulu gerðir úr timbri.
**Hámarksflatarmál bústaða:** Þeir skulu ekki vera stærri en 100 fm.
**Önnur hús:** Heimilt er að reisa geymslu, svefnhús eða gróðurhús, þó ekki stærri en 10 fm.
**Þakhalli:** Skal vera á bilinu 15-45 gráður.
**Litaval:** Bústaðirnir skulu vera í jarðlitum sem fara vel í umhverfi.
**Mænishæð frá jörðu:** Skal ekki vera meira 5 m.
**Mænisstefna:** Skal vera í suður - norður (sjá uppdrátt).
**Staðsetning sumarhúsanna:** Þau skulu vera innan byggingarreits og gerð í samráði við byggingarfulltrúa og byggingarnefnd Grímsneshrepps.
**Byggingarreitir:** Eru sýndir á uppdrætti.
**Eignarhald á lóðunum:** Lóðirnar verða eignalóðir.

Skipulag ríkisins vekur athygli á samningi aðila um efnistöku (dags. 2.10.95), úrskurði Skipulags ríkisins (dags. 29.04.96) og úrskurði umhverfisráðherra (dags. 13.08.96) þar sem m.a. kemur fram að efnistaka sé heimil úr Seyðishólum í 12 ár. Starfsemi í námum skal ekki vera eftir kl. 22 á virkum dögum og ekki eftir kl. 18 á föstudögum og um helgar. Ekki skulu fleiri en 75 þungaflutningabílar fara um Búrfellsveg á virkum dögum milli kl. 07 og 18 og aðeins 50 á milli kl. 07 og 13 á föstudögum. Engir þungaflutningabílar skulu fara þess utan, nema með sérheimildum. Búrfellsbraut verður lögð bundnu slitlagi áður en flutningar hefjast.

Sett inn að ósk Skipulags ríkisins.

Skipulagsuppdráttur þessi var samþykktur af hreppsnefnd Grímsneshrepps:

30. sept 1996

ODDVITINN Grímsneshreppi

Skipulagsuppdráttur þessi var samþykktur af Skipulagsstjóra ríkisins í samræmi við gr 4.4. í skipulagsreglugerð nr. 318 frá 1985

Reykjavík: 27. MARS 1997

SKIPULAG OG MÆLING: SAMÚEL ÁSGEIRSSON VERKF. HVH

SEYÐISHÓLAR GRÍMSNESHREPPI
DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR SUMARHÚSAHVERFI

DAGS. SEPT. 1996
MÆLIKVARÐI 1 : 2000

PÉTUR H. JÓNSSON ARKITEKT F.A.Í.
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 28 101 R.VÍK S. 562-4140 F. 562-6123